

Stjórnarfundur hjá Félagi hrossabænda

haldinn í Bændahöllinni 16. des. 2010 kl. 15.

Mætt voru Kristinn Guðnason, formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Magnús Jósefsson ritari, Ólafur Einarsson meðstjórnandi og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð. Eyþór Einarsson, gjaldkeri boðaði forföll.

Kristinn setti fundinn og gengið var til dagskrár.

Jón Baldur Lorange frá WorldFeng kom til fundar. Jón fór yfir verkefnastöðu WF og sagði hana ágæta. Sagði þá hafa verið búna að koma öllum hlutum í fastar skorður með samningum við FEIF fyrir kreppu þannig að WF er ágætlega settur hvað það varðar. Verkefnið finnur þó fyrir samdrætti líkt og aðrir og styrkir sem komið hafa frá ríkinu eru ekki til staðar eins og er. Mikið verið unnið bæði innanlands og utan, farnar vinnuferðir til Þýskalands og Danmerkur sem gengu vel. Fundir í Hollandi og Danmörku, staðan góð.

Um 1200 félagar í FHB sem fá áskrift í gegnum félagið hjá WF. Ýmislegt þróunarstarf unnið áfram, nú er t.d. hægt að breyta fæðingardegi, nefna Nn hross, skoða seld hross eftir tímabilum, hægt að tengja eigin heimasíður og myndvinnsla er í undirbúningi. Margt unnið eftir óskum og ábendingum FHB svo gera megi WF að enn betra tæki fyrir hrossaræktendur.

Unnið hefur verið að breytingum á hestavegabréfum, ársskýrsla stóðhesta er í vinnslu, lyfjaskráning, breytt vægi og margt fleira sem þurft hefur að þróa og vinna. Orðið brýnt að lesa inn sláturhúsamerkingar. Verið að vinna í litatöflunni og sannprófun litar á afkvæmi. Innlestur keppnisgagna ofl. Vefþjónusta ræktenda í undirbúningi. Heimaréttin yrði þá aðgengileg á síðu ræktanda, líkt og á stóðhestasíðum.

Næst á dagskrá var að **stjórn skipti með sér verkum** og samþykktu stjórnarmenn óbreytta verkaskiptingu.

Því næst var farið **yfir aðalfundargerð og tillögur/ályktanir** af fundinum. Huldu falið að senda tillögur og ályktanir til þeirra er málin varða og ganga frá fundargerð til birtingar.

Imprinted by origin – markaðsverkefni FHB er langt komið í vinnslu. Hulda sagðist vongóð um að hægt yrði að setja vefinn og myndefnið í loftið í lok janúar eða um það bil. Viðbrögð við verkefninu hafa alls staðar verið mjög góð þar sem það hefur verið kynnt. Hulda sagðist hafa átt fund með Íslandsstofu og vonast til að þeir muni koma til samstarfs varðandi dreifingu og kynningu verkefnisins.

Fjármál. Farið yfir stöðu fjármála í lok árs og er hún ágæt. Hugsanlegt að eitthvert fjármagn sé að koma inn í greinina og þróunarsjóðinn frá ríkinu.

Farið yfir stöðuna á verðskerðingarsjóðnum og samþykkt að leita framlags til félagsins til markaðs og þróunarvinnu varðandi afurðamál sem og sláturskráningar í WorldFeng.

Smitandi hóstinn virðist vera að fjara út. Samkvæmt dýralæknum er óþarfi að óttast þegar hross eru tekin inn, ekki eru dæmi um að veikindin brjótist út af krafti aftur við það. Sýni hross einhver einkenni er best að kalla til dýralækni og láta meta ástandið. Veikum hrossum þarf að halda aðskildum frá

heilbrigðum.

Smitvarnir. Samþykkt að hafa samband við formenn FT og LH, herða enn frekar á í þeim málum og senda eitthvað sameiginlegt frá félögunum.

Afurðamál. Virðast í góðu lagi hvað varðar eftirspurn eftir hrossum. Vantar frekar hross en hitt. Verðið frekar lágt, en aðeins tosast upp. Folöld öll tekin og verðið á uppleið. Merkingarmálin ganga nokkuð vel.

Gjaldskrárbreytingar MAST kynntar og ræddar.

Rætt um ormalyf og kostnað. Ormalyfið Panacur hefur nú náð einokunarstöðu á markaði sem ormalyf í hross hér á landi og verðið hækkað mjög mikið. Samþykkt að senda erindi til yfirdýralæknis og Lyfjastofnunar vegna málsins og skora á þá að hlutast til um að ódýrara ormalyf verði einnig í boði. Einnig að óska eftir því að stungulyf með Selen/E-vítamíni verði fánlegt á Íslandi, en selenskortur er vandamál í hrossum hér á landi og rekja má nokkur tilfelli folaldadauða í ár til hans. Huldu falið að ganga frá erindinu.

Fréttir af þróunarnefnd v. LM. Nefndin fundaði um daginn þar sem formenn LH og BÍ komu til viðtals. Kristinn kynnti vinnu nefndarinnar og stöðu mála þar.

Söguritun félagsins rædd og samþykkt að leita leiða til að skrásetja sögu félagsins. Fundarmenn fóru í gegnum ýmis áhugaverð gömul gögn er varða sögu félagsins.

Rætt um stjórnarkostnað og samþykkt að skoða það að hækka km gjald í ljósi mikillar hækkunar á bensínverði og rekstri bíla. Málið verði unnið í samvinnu við gjaldkera og framkvæmdastjóra sem komi með tillögu að hækkun.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.

HGG/hgg